

REGLUGERÐ

um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139.

1. gr.

Efni og gildissvið.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með svifflugur þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i- og ii-lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91, sbr. reglugerð um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins, nr. 270/2024.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi gerðir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139, sbr. ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62 frá 31. ágúst 2023, bls. 496–507.
- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/358 frá 4. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir svifflugur, sbr. ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62 frá 31. ágúst 2023, bls. 841–865.

3. gr.

Lagastof og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 83. og 84. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 20. nóvember 2024.

F. h. r.

Árni Freyr Stefánsson.

Vala Hrönn Viggósdóttir.